



# ÁRSSKÝRSLA

Árið 2017



## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð hefur sinnt hefðbundnum verkefnum síðasta starfsár nema hvað dregið hefur verið úr starfseminni ár frá ári í samræmi við sífellt minnkandi fjármagn af hálfu hins opinbera. Í síðustu fjárlögum íslenska ríkisins kom fram áætlun um enn frekari niðurskurð til Fjölmenntar árin 2019 og 2020. Ekki er ljóst hvað yfirvöldum gengur til með þessum áætlunum um minnkaða starfsemi Fjölmenntar. Fötluðu fólki sem nýtur þjónustu Fjölmenntar fjölgar í samræmi við fjölgun þjóðarinnar. Mikil eftirspurn er eftir símenntun fyrir þennan hóp um allt land og raunar eftir enn fjölbreyttari námstilboðum en Fjölmennt hefur haft tök á að veita. Hafa ber í huga að enginn annar aðili á landinu veitir fólki með flóknar þjónustuparfir sambærileg menntunartilboð. Ráðamenn þjóðarinnar tala opinskátt um góða stöðu ríkissjóðs og þá velmegun sem þjóðarbúið býr nú við eftir þrengingar fyrri ára. Á sama tíma þykir ráðamönnum eðlilegt að skera niður í menntun þess hóps fatlaðs fólks sem hvað minnsta möguleika hefur til að njóta menntunar, menningar og tómsunda.

Stjórnendur Fjölmenntar hafa óskað eftir fundi með ráðherra mennta- og menningarmála til að ræða stöðu Fjölmenntar en ráðherra hefur ekki séð sér fært að funda með okkur. Óvíst er hverjar hugmyndir ráðherra og Alþingis eru þegar kemur að framtíð Fjölmenntar. Þjónustusamningur okkar við ríkið rann út um síðustu áramót og enn bólar ekkert á nýjum samningi. Ekki hefur verið boðað til umræðu um þau verkefni sem Fjölmennt er ætlað að sinna en ljóst er að ef ekki koma til auknar fjárveitingar mun verkefnum Fjölmenntar fækka verulega frá síðasta þjónustusamningi. Þetta eru sorglegar staðreyndir.

Það er stutt síðan Alþingi Íslendinga fullgilti Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í samningnum er fjallað um menntun á eftirfarandi hátt:

*24.grein: Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar og símenntun sem miða að því:*

*a) að auka mannlega getu til fulls og tilfinningu fyrir meðfæddri göfgi og eigin verðleikum og auka virðingu fyrir mannréttindum, mannfrelsi og mannlegri fjölbreytni,*

*b) að fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,*

*c) að gera fötluðu fólki kleift að vera virkir þátttakendur í frjálsum þjóðfélagi.*

Þá kemur fram síðar í sömu grein:

*Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.*

Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu fer nú fram endurskoðun á lögum um framhaldsfræðslu og er það vel. Í nýrri fjármálaáætlun kemur fram að meðal breytinga sem unnið sé að séu ;

*Ný lög um nám fullorðinna í stað laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010. Leiðarljós eru m.a. að ná fram virkari samfélagslegri þátttöku markhópsins, leita leiða til samkeppnishæfara atvinnulífs, sníða ramma um íslenskukennslu innflytjenda og tryggja réttindi fatlaðs fólks.*

Svo mörg voru þau orð. Í orði ræða stjórnvöld endurtekið um mikilvægi mannréttinda fatlaðs fólks. Efndirnar eru hins vegar því miður rýrar þegar kemur að menntun fatlaðs fólks og leiða til skerðingar á þeim sömu mannréttindum. Fjölmennt hefur það hlutverk að veita fötluðu fólki símenntun í samræmi við samning SP. Sú stefna niðurskurðar sem íslensk stjórnvöld hafa unnið eftir undanfarin ár skerðir menntunarmöguleika og lífsgæði fullorðins fatlaðs fólks og gengur gegn mannréttindum þess. Þessi stefna er ekki einungis skaðleg fötluðu fólki heldur okkur öllum sem samfélagi. Það er von mín að Alþingi og nýr ráðherra menntamála beri gæfu til að breyta um kúrs og efla nám fatlaðs fólks með mannréttindi og lífsgæði að leiðarljósi.

Reykjavík, 14. maí 2018

Fyrir hönd stjórnar Fjölmenntar,

Gerður A. Árnadóttir formaður

## INNGANGUR

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi Fjölmenntar, símenntunar-og þekkingarmiðstöðvar árið 2017. Skýrslan er í 4 köflum. Fyrsti kafli fjallar um starfsemina á höfuðborgarsvæðinu. Í öðrum kafla er fjallað um starfsemi ráðgjafardeildar Fjölmenntar. Þriðji kafli fjallar um nám fyrir fólk með geðfötlun og sá fjórði er um samstarf við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni. Í fylgiskjöllum má síðan sjá tölur um fjölda námskeiða, þátttakendur á námskeiðum, kennslustundafjölda og fleiri tölulegar upplýsingar.

### STJÓRN FJÖLMENNTAR

Stjórn Fjölmenntar skipa:

- Gerður Aagot Árnadóttir, formaður, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Kristján Sigurmundsson, varaformaður, skipaður af Öryrkjabandalagi Íslands
- Erna Arngrímsdóttir, ritari, skipuð af Öryrkjabandalagi Íslands
- Elsa Sigríður Jónsdóttir, meðstjórnandi, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp
- Ólafur Páll Jónsson, meðstjórnandi, skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Varamenn:

Aileen Soffía Svendsóttir og Sigmundur Stefánsson, skipuð af Landssamtökunum Þroskahjálp  
Guðrún Gunnarsdóttir og Bjargey Una Hinriksdóttir, skipaðar af Öryrkjabandalagi Íslands  
Hróbjartur Árnason, skipaður af Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Stjórnarfundir á árinu 2017 voru 8 talsins. Ársfundur var haldinn 15. maí.



## 1. STARFSEMIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

### Starfstími

Starfsfólk mætti til starfa þann 4. janúar. Námskeiðahald hófst 11. janúar og kennt var til 24. maí. Námskeiðsdagar á vorönn voru 84. Haldin voru 134 námskeið, kennslustundir voru 2.996 með samtals 347 þátttakendum.

Í júní voru haldin 23 sumarnámskeið, 57 kennslustundir alls með samtals 68 þátttakendum.

Starfsfólk mætti til starfa að loknu sumarleyfi 15. ágúst. Námskeið byrjuðu 29. ágúst og kennt var út nóvember. Námskeiðsdagar á haustönn voru 68. Haldin voru 137 námskeið, kennslustundir voru samtals 2.610 með 331 þátttakanda.

Í desember voru haldin 44 jólanámskeið, 120 kennslustundir alls með samtals 124 þátttakendum.

Báðar annir ársins hófust með viku undirbúningi og samstarfi við heimili þátttakenda í upphafi námskeiða, í júní og ágúst var unnið að nýjum námskeiðum, nýsköpunar- og þróunarstarfi og að verkefnum sem vörðuðu starfseminu í heild.

### Starfsfólk

#### Starfsfólk á vorönn 2017:

- Forstöðumaður í 100 % starfi
- 13 kennarar með samtals 207 kennslustundir á viku
- 4 verktakar með samtals 11 kennslustundir á viku
- 2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor
- Starfsmaður vegna erlendra verkefna í 10% starfshlutfalli
- 1 félagsliði í 100% stöðu
- 1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 100% starfi
- 2 stuðningsfulltrúar með samtals 10,5 klukkustundir á viku
- Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli (þar af 26% í forföll)
- Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötlun í 28% starfshlutfalli
- Ráðgjafi fyrir iPad kennslu í 17% starfshlutfalli
- Starfsmaður vegna skjalastjórnunarverkefnis og fleira 33% starfshlutfall
- Starfsmaður *sendiherraverkefnis* í verktöku
- Rekstrarstjóri í 50% starfi
- Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

### **Starfsfólk á haustönn 2017:**

- Forstöðumaður í 100 % starfi
- 15 kennarar með samtals 233 kennslustundir á viku
- 4 verktakar með samtals 13 kennslustundir á önninni
- 2 ráðgjafar í 50% stöðu hvor
- Starfsmaður vegna erlendra verkefna í 10% starfi
- 1 félagsliði í 100% stöðu
- 1 starfsmaður með umsjón húsnæðis og móttöku nemenda í 90% starfi
- 2 stuðningsfulltrúar með samtals 10,5 klukkustundir á viku
- Verkefnastjóri í símenntunardeild í 100% starfshlutfalli (þar af 26% forfallakennsla)
- Verkefnastjóri fyrir námi fólks með geðfötun í 35% starfshlutfalli
- Ráðgjafi fyrir iPad kennslu í 30% starfshlutfalli
- Starfsmaður vegna ráðgjafaverkefnis og tölvuverkefna í 43% stöðuhlutfalli
- Starfsmaður *sendiherraverkefnis* í verktöku
- Rekstrarstjóri í 50% starfi
- Fulltrúi á skrifstofu í 75% starfi

### **Kennslustaðir Fjölmennar og samstarfsaðila á höfuðborgarsvæðinu í námi fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi**

Árið 2017 fór kennsla fram á eftirfarandi stöðum:

- Vínlandsleið 14
- Íþróttahús fatlaðra í Hátúni 6
- Sundlaug Endurhæfingar í Kópavogi
- Sundhöll Reykjavíkur
- World Class í Egilshöll
- Keilusalurinn í Egilshöll
- Ökuskólinn í Mjódd
- Háaleitisbraut 11-13
- Líkamsræktarstöðin Hress Hafnarfirði
- Mímir-símenntun
- Mjólnir
- Dansskólinn Hvönn
- Sjúkraþjálfunin Styrkur

## Fræðsla starfsfólks

Í kjarasamningum kennara eru ætlaðir 10 dagar á ári til endurmenntunar. Þrjú af þessum dögum voru notaðir til að fara á Bett, námsgagnasýningu í London í janúar. Á sýningunni má kynnast nýjungum í skólastarfi, kynnast vörum og kennsluefni í sýningarbásum og sækja fróðlega fyrirlestra. Reglulega er boðið upp á fræðslu af ýmsu tagi fyrir starfsfólk. Starfandi er fræðslunefnd innan Fjölmenntar sem kannar þörf fyrir endurmenntun starfsfólks og er reglulega boðið upp á fræðslu sem þörf er á hverju sinni. Starfsfólk er líka duglegt að miðla reynslu sín á milli reglulega haldnir faghópafundir þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru.

## Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og á einhverfurófi

Námskeið Fjölmenntar eru auglýst á heimasíðu stofnunarinnar. Send eru út bréf til allra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt undanfarin ár og vakin athygli á námskeiðum og umsóknarfresti. Einnig eru námskeiðin auglýst á facebook síðu Fjölmenntar og áminningar sendar í tölvupósti.

Útskriftarnemum af starfsbrautum framhaldsskóla eru send bréf og boðið að koma í viðtal hjá ráðgjafa og kynna sér starfsemi Fjölmenntar.

Kennarar Fjölmenntar eru leiðandi í faglegri þróun og nýjum leiðum í skipulagningu náms fyrir þá nemendur sem mesta sérhæfingu þurfa í námi. Á hverju ári er boðið upp á ný námskeið í bland við vinsæl námskeið sem alltaf er mikil ásókn í.

Framboð á námskeiðum var fjölbreytt og boðið upp á námskeið í eftirfarandi námskeiðsflokkum:

Íþróttir, sund og dans

Heimilisfræði

Myndlist og handverk

Tónlist og leiklist

Mál og samfélag

Tölvu- og upplýsingatækni

Sjálfstyrking og valdefling

Í samvinnu við Ökuskólann í Mjódd er boðið upp á bóklega kennslu í ökunámi.

Námskeið á höfuðborgarsvæðinu eru haldin bæði hjá Fjölmennt í Vínlandsleið 14 og hjá Mími-símenntun á Höfðabakka 9. Til hagræðis fyrir umsækjendur eru námskeið beggja staða auglýst á heimasíðu Fjölmenntar og tekið við umsóknum hjá Fjölmennt.

Samningur við Mími-símenntun var að upphæð 10,5 milljónir á árinu. Gott samstarf er við Mími og sóttu 50-60 manns nám þar á hvorri önn. Á vorönn voru haldin 13 námskeið og 8 námskeið á haustönn. Námskeiðum hjá Mími hefur fækkað enda hefur fjármagn til Mímis

haldist óbreytt síðan 2013. Flest námskeiðin eru haldin í húsnæði Mímis en Mímir semur einnig við nokkra aðila um námskeiðahald.

Námskeiðin hjá Mími eru yfirleitt styttri en í Vínlandsleið og námshópar eru fjölmennari. Þau eru hugsuð fyrir þann hóp nemenda sem er sjálfbjarga með athafnir daglegs lífs og geta stundað nám í hópi á meðan námskeiðin í Vínlandsleið eru fyrir fólk með flókna fötlun og sem þarf mikla aðlögun að námsefni og kennsluaðferðum.

Fjölmennt var í samstarfi við Mjölni um íþróttanámskeið. Nokkrir nemendur stunduðu nám á almennum námskeiðum Mjölnis.

Samstarf var við Hress heilsurækt í Hafnarfirði. Einn nemendahópur æfði þar einu sinni í viku.

Áframhaldandi samstarf er við Myndlistaskólann í Reykjavík. Myndlistaskólinn býður upp á vinnustofu í myndlist. Fjölmennt niðurgreiðir ekki það nám og greiða þátttakendur það að fullu. Fjölmennt sér um umsýslu, inntöku og skráningu. Kennurum Myndlistaskólans hefur staðið til boða ráðgjöf frá Fjölmennt en þeir hafa lítið þurft á ráðgjöf að halda.

Diplómanámi í myndlist sem Fjölmennt kostaði við Myndlistaskólann lauk vorið 2017. Þetta var tveggja anna nám þar sem 12 manns með þroskahömlun stunduðu nám. Mikill áhugi var á því að bjóða upp á námið áfram og taka inn nýjan hóp haustið 2017 og mikil eftirspurn var eftir náminu. Vegna lækkunar á raunfjármagni til Fjölmenntar var ekki hægt að styrkja námið áfram og sá Myndlistaskólinn sér því ekki fært að halda áfram með námið.

### Styrkir

Fjölmennt fékk á árinu 3.000.000 króna styrk frá *Öryrkjabandalagi Íslands*. Að auki var sótt um sérstaka styrki sem Öryrkjabandalagið veitir árlega og fékk Fjölmennt úthlutað 700.000 krónum til námskeiðhalds.

Á árinu fékkst styrkur til námsferða frá *Erasmus+* sem er náms- og styrkjasjóður Evrópusambandsins. Ekki náðist að skipuleggja námsferð á árinu en þrír starfsmenn Fjölmenntar munu fara til Edinborgar á haustönn 2018 og kynna sér listkennslu í Drake music Scotland.

Þróunarverkefni og námsferðir hafa mikið gildi fyrir starfsemi Fjölmenntar. Fjölmennt hefur undanfarin ár sótt um í náms- og styrkjasjóð Evrópusambandsins *Erasmus +* og hafa nú flestir kennarar stofnunarinnar farið í námsferðir erlendis og stefnt er að því að gefa öllu starfsfólki kost á því.

### Önnur starfsemi

Haustið 2017 voru Helle Kristensen og Jarþrúður Þórhallsdóttir með kynningu á ráðstefnu Velferðarráðuneytisins á námsbrautinni „Líf mitt með öðrum“. Brautin var haldin í Fjölmennt og sérstaklega ætluð fólki á einhverfurófi sem hefur mikla þjónustupörf.



Frá árinu 2011 hefur Fjölmennt annast kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í formi verkefnis sem nefnist „Sendiherrar samnings SP um réttindi fatlaðs fólks“. Verkefni þetta var sett á fót að frumkvæði Landssamtakanna Þroskahjálpar og í fyrstu fjármagnað með styrk frá Progress áætlun Evrópusambandsins. Samningur er við velferðarráðuneytið út árið 2018 til að standa straum af verkefninu.

Fjölmennt er aðili að hátíðinni *List án landamæra* og hefur átt fulltrúa í stjórn hennar frá upphafi.

Á hverju vori er haldin *vorhátíð Fjölmenntar*. Hátíðin er haldin í Gullhömrum og hana sækja um þrjú hundruð manns og er hún orðin partur af félagslífi nemenda Fjölmenntar.

*Tónleikar* eru haldnir tvisvar á ári, jólatónleikar í Grensáskirkju í desember og vortónleikar í Grafarvogskirkju í maí. Á tónleikunum koma fram þátttakendur á tónlistarnámskeiðum Fjölmenntar.

### **Kynningarstarf**

Heimasíða Fjölmenntar er mikið notuð. Þar er hægt að nálgast upplýsingar um starfsemina og námskeiðin auglýst. Bréf eru send til allra sem stundað hafa nám hjá Fjölmennt og vakin athygli á námskeiðunum og minnt á umsóknarfrest. Fjölmennt heldur einnig út facebook síðu. Þar eru birtar myndir af námskeiðum og er mikil umferð um síðuna. Send eru bréf til þeirra sem útskrifast af starfsbrautum framhaldsskóla og þeim boðið að koma og kynna sér hvað Fjölmennt býður uppá. Mikil tengsl eru við aðstandendur nemenda. Í lok hvers námskeiðs er boðið uppá að þeir komi og fái yfirlit yfir það sem gert hefur verið á námskeiðinu, meta hvernig til hefur tekist og yfirfæra verkefni námskeiðs á heimavettvang. Á haustönn tók Fjölmennt á móti tveimur þroskaþjálfanemum frá háskólanum í Árósum. Voru þeir tvær vikur í starfsnámi til að kynna sér fullorðinsfræðslu fyrir fólk með þroskahömlun. Töluvert er um að hópar komi til þess að kynna sér starfsemi Fjölmenntar, bæði innlendir og erlendir.

### **Notendaráð fatlaðs fólks**

Í nýrri þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021 er kveðið á um stofnun notendaráða á öllum þjónustusvæðum landsins. Markmið með stofnun þeirra er að auka áhrif fatlaðs fólks á skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál í sínu sveitarfélag.

Haustið 2016 tók Fjölmennt að sér að stofna og halda utanum notendaráð fyrir Reykjavíkurborg og var sú vinna í gangi allt árið 2017. Reykjavíkurborg greiðir fyrir verkefnið.

Þróunin hjá sveitarfélögum virðist vera sú að leita til símenntunarstöðvanna um að stofna og halda utan um notendaráðin. Fræðslunet Suðurlands sér um notendaráð fyrir þjónusturáð Suðurlands og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hefur verið beðin um að stofna slíkt ráð. Í byrjun árs 2018 tók Fjölmennt að sér að vera með fræðslu um verklag við stofnun og vinnu

notendaráða fyrir öll sveitarfélög landsins og var ráðstefna þar að lútandi haldin í apríl 2018. Notendaráð Fjölmenntar ásamt aðstoðarfólki sá um fræðsluna.

### **Fjárhagur**

Framlag til Fjölmenntar á fjárlögum ársins 2017 var 254,7 milljónir króna. Var það hækkun um 4,5% frá árinu 2016. Sú hækkun nær ekki að halda í við hækkanir launa síðustu ára. Í júní barst tilkynning frá menntamálaráðuneyti um að Fjölmennt bæri að greiða aukaframlag í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna en meirihluti starfsfólks Fjölmenntar greiðir í þann sjóð. Sú upphæð nemur um 6 milljónum króna á ársgrundvelli. Þeirri hækkun var mótmælt þar sem áhöld eru um hvort Fjölmennt beri að greiða viðbótargjald í lífeyrissjóðinn. Ekki hefur enn fengist svar við ítrekuðum fyrirspurnum til ráðuneytis um þetta mál.

## 2. STARFSEMI RÁÐGJAFARDEILDAR

Ráðgjafardeildin hefur 1,33 stöðugildi. Ráðgjafar eru:

- Anna Soffía Óskarsdóttir, ráðgjafi vegna mikið fatlaðs fólks í 50% starfshlutfalli
- Jarprúður Þórhallsdóttir, ráðgjafi vegna fólks á einhverfurófi í 50% starfshlutfalli
- Helle Kristensen vegna innleiðingar spjaldtölvu í 33% starfshlutfalli

Störf ráðgjafardeildarinnar eru stöðugt í mótun. Má þar nefna tengsl við hinar ýmsu símenntunarstöðvar og ráðgjöf innan Fjölmenntar, almennt fræðsluhlutverk og kennsluráðgjöf. Einnig tengsl við talsmenn þátttakenda og aðra aðstoðarmenn þeirra, einkum er varðar undirbúning fyrir námskeið og yfirfærslu nýrrar þekkingar eða færni þátttakenda í aðstæður heima eða í vinnu. Ráðgjöf vegna innleiðingar spjaldtölvu í daglegt líf hélt áfram að þróast og festa sig í sessi og hefur reynst mikilvæg viðbót.

### Ráðgjöf við starfsfólk Fjölmenntar

Ráðgjöf innan Fjölmenntar hefur haldið áfram að þróast. Ráðgjafar fara inn í kennslustundir og eiga fundi með einstökum kennurum eða kennarahópum og ráðgjafi um spjaldtölvur hefur haldið reglulega fræðslufundi með starfsmönnum. Frumkvæði að ráðgjöf við kennara og aðra starfsmenn kemur nú orðið að mestu frá þeim og sem fyrr fer stór hluti ráðgjafarinnar fram á misformlegum fundum og í samtölum við kennara í dagsins önn. Heyrst hafa þó raddir um að ráðgjafar ættu að taka aftur meira frumkvæði í að koma inn í kennslustundir án þess að eitthvað sé að.

Fundir hópa kennara með hliðstæð viðfangsefni, faghópafundir, hafa í nokkrum mæli haldið áfram, þar sem ráðgjöfin verður hluti af samráðsferli kennaranna og sameiginlegri lausn á margvíslegum viðfangsefnum í kennslu.

Ráðgjafar hafa samstarf um ráðgjöf eins og áður og sinna ráðgjöf sameiginlega vegna þeirra nemenda sem hafa sérstaklega flóknar námsþarfir.

Ráðgjafar hafa samband eins og áður við alla nýja umsækjendur áður eða á meðan inntökuferli stendur yfir. Í flestum tilfellum eru síðan haldnir fundir með kennurum og hinum nýju þátttakendum ásamt talsmönnum þeirra, ýmist á heimili þeirra eða í húsnæði Fjölmenntar. Þátttakendum er boðið að velja staðsetningu fundar. Kennarar sem fá nemendur sem þeir þekkja ekki eru hvattir til að halda slíka fundi og eru ráðgjafarnir oft með á þeim fundum. Nú hafa slíkir fundir verið haldnir í allnokkur ár og forstöðumenn og talsmenn í búsetuþjónustu eru farnir að gera ráð fyrir þeim. Foreldrar taka einnig oft þátt í þessum fundum, þótt börn þeirra séu flutt að heiman, einkum foreldrar yngstu þátttakendanna.

## Tengsl við símenntunarstöðvar

Auk þess að verða við óskum símenntunarstöðvanna um ráðgjöf og fræðslu hefur ráðgjafardeildin ákveðna frumkvæðisskyldu hvað varðar að þjóða fram stuðning og ráðgjöf. Ráðgjafar höfðu samband við allar stöðvar til að minna á þjónustu deildarinnar bæði að hausti og í janúar.

Aðstæður hinna ýmsu símenntunarstöðva eru eins og áður um margt ólíkar sem og þarfir sem fram koma á hinum ýmsu svæðum. Tengsl við félagsleg þjónustukerfi og talsmenn fatlaðs fólks og innbyrðis tengsl stofnana eru ólík. Einnig er misjafnt milli símenntunarstöðvanna hversu vel tilboð þeirra nær til fólks með mismunandi skerðingar. Þar sem námstilboð nær vel til þeirra sem mikið eru fatlaðir hafa menn meiri áhyggjur af því hvernig megi ná til fólks sem er félagslega einangrað vegna vægari þroskahömlunar, einhverfu eða geðfötlunar og nýtur sumt almennt lítillar þjónustu. Sums staðar virðist auðveldara að ná til þess hóps, meðan aðsókn meira fatlaðs fólks er lítil að námskeiðum. Á þeim svæðum þarf e.t.v. að kynna þjónustuaðilum betur menntunargildi námskeiða fyrir fólk með miklar þjónustubrýr.

Sumir nýjir verkefnastjórar hafa átt fundi með ráðgjöfum áður en þeir hefja störf til að fá aðstoð við að komast af stað við val námskeiða, eða sækja sérstaka þekkingu til Fjölmenntar. Tvisvar var tekið á móti verkefnastjórum og leiðbeinendum frá símenntunarstöðvunum sem vildu kynna sér kennsluhætti hér með ýtarlegri hætti. Eins og áður hafa allir kennarar Fjölmenntar tekið vel í beiðni ráðgjafa um móttöku og upplýsingar í þessu sambandi.

Einn samstarfsfundur Fjölmenntar og símenntunarstöðvanna var haldinn gegnum fjarfundabúnað á vorönn að frumkvæði Fjölmenntar og er ljóst að slíkt fundarform nýtist vel og getur sparað ferðalög.

## Önnur viðfangsefni

Ráðgjafar voru ásamt kennslustjóra, Ásgerði Hauksdóttur og Rut Magnúsdóttur, verkefnastjóra í Mími með kynningar á námstilboði í fjórum framhaldsskólum.

Ráðgjafar hafa tekið á móti fólki sem komið hefur til að kynna sér kennsluáðstæður, rofabúnað, stuðningsbúnað við spjaldtölvur og ákveðin svið í kennslu og námstilboði Fjölmenntar. Það hafa verið starfsmenn dagvista/verndaðra vinnustaða, heimila, nemandi í verknámi og ráðgjafar annarrar þjónustu. Einnig fatlað fólk og talsmenn þess sem vill kynna sér hvað er í boði hjá Fjölmennt áður en það sækir um námskeið. Fatlað fólk hefur einnig sjálft frumkvæði að því að leita sértækrar aðstoðar ráðgjafa um möguleika í námi og hefur sumum þeirra verið fylgt eftir vegna náms í Mími eða jafnvel við aðrar stofnanir vegna flókinna námsþarfa þeirra.

Frumkvæði að ýmis konar samstarfi auk beinnar ráðgjafar hefur komið frá símenntunarstöðvunum. Fræðslunetið á Suðurlandi hélt úti Listnámsbraut fyrir mikið fatlað fólk eftir námskránni *Listnám fyrir mikið fatlað fólk* veturinn 2016- 17 með nýjum hópi. Var námstími

styttur nokkuð og ákveðnir þættir einfaldaðir. Er það frábært framhald á nýjungum í námskeiðahaldi fyrir fullorðið fólk með flóknustu námsþarfirnar, en nemendur eru eins og áður ýmist mikið fjölfatlaðir eða einhverfir með verulega flóknar námsþarfir.

Námskeið voru haldin á haustönn um hagnýtingu snjalltækja og aðstoð við snjalltækjaeigendur úr hópi nemenda Fjölmenntar.

### **Samantekt**

Áfram hefur verið lögð áhersla á ráðgjöf fyrir þá einstaklinga sem þurfa mjög sérhæfðar kennsluleiðir, fólk á einhverfurófi og mikið fatlað fólk með fjölþættar þarfir fyrir aðstoð. Auk áherslu á notkun spjaldtölvu í námi sem og daglegu lífi.

Ráðgjöf við kennara og starfsfólk Fjölmenntar er sem áður umfangsmikil og sýnir sig að auka faglegt öryggi.

Ráðgjafar hafa verið í tengslum við símenntunarstöðvar á landsbyggðinni og Mími eins og áður. Fræðsluheimsóknum verkefnastjóra og leiðbeinenda til Fjölmenntar hefur ekki fjölgað þetta árið og er e.t.v. ástæða til að skoða fyrirkomulag ráðgjafar og þróa nýjar leiðir.

#### 4. NÁM FYRIR FÓLK MEÐ GEÐFÖTLUN

Á vorönn 2017 voru auglýst 19 námskeið hjá *Fjölmennt – Geðrækt*. Haldin voru 7 námskeið, 4 í húsnæði dagsetra, 1 í Myndlistarskóla Kópavogs, 1 í Íþróttahúsi fatlaðra og 1 í húsnæði Fjölmenntar.

Eins og áður, var óskað eftir tillögum að námskeiðum frá notendum þjónustunnar, en einnig þeim sem að annarri þjónustu við þann hóp koma, s.s. forstöðumenn í búsetu og dagþjónustu, starfsfólk félagsþjónustumiðstöðva, ýmsa þjónustuaðila hjá LSP o.fl. Nokkrar tillögur komu að nýjum námskeiðum og m.a. lagt til að huga að námskeiðum sem höfða til ungs fólks. Einnig námskeið sem hafa hagnýtt gildi í daglegu lífi.

Mikil samvinna er við nemendur og þá aðila sem að nærþjónustu við nemendur koma, s.s. í búsetu og dagþjónustu og hefur skapast gott samstarf. Einnig hefur verið mjög góð samvinna við þá kennara sem að námskeiðunum standa.

Undanfarin misseri hafa verið haldnir fundir með forstöðumönnum dagsetra til samráðs um þau námskeið sem þar eru haldin og hefur samstarf gengið vel. Áhugi virðist vera, hjá hluta hópsins, á að bjóða upp á örnámskeið og var ákveðið að gera tilraun með það á vorönn.

Haldin voru 3 örnámskeið í „lani“ (tölvuleikir í samtengdum tölvum) að frumkvæði og í samvinnu við forstöðumann Hlutverkaseturs og tókust þau mjög vel.

Auglýst voru 4 sumarnámskeið – örnámskeið. Aðsókn var mjög dræm og aðeins eitt þeirra haldið og tókst mjög vel.

Á haustönn 2017 var sami háttur hafður á um tillögur að námskeiðum. Auglýst voru 22 námskeið á hjá *Fjölmennt – Geðrækt*. Haldin voru 6 námskeið á sömu stöðum og á vorönn auk þess sem einn samstarfsaðili bættist við, sem er Geðhjálp í Borgartúni.

Eitt jólanámskeið – örnámskeið, var haldið – Jólajóga í húsnæði Jógasetursins í Skipholti 50c. Mikil ánægja var með námskeiðið og var það ágætlega sótt.

Segja má að umræða á undanförunum misserum um stöðu þessa nemendahóps, þ.e. fólks með geðfötlun, einkennist af því að almennt hefur fólk mjög lítil fjárráð og sækir lítið námskeið og önnur tilboð sem greiða þarf fyrir. Framboð á tilboðum sem eru ókeypis hefur aukist, bæði í dagþjónustu og á öðrum vettvangi.

Vaxandi umræða undanfarin misseri er um að reyna að ná til ungs fólks með geðfötlun sem er vaxandi hópur í samfélaginu, þ.e. að bjóða upp á námskeið sem höfða til þess hóps. Verkefnisstjóri hefur rætt við nokkra aðila sem að þeim hópi koma og hefur fullan hug á leita hugmynda og samvinnu um námskeið fyrir þann hóp.

Anna Filippía Sigurðardóttir er verkefnastjóri námskeiða fyrir fólk með geðfötlun.

## 5. SAMSTARF VIÐ SÍMENNTUNARSTÖÐVAR

Árið 2017 voru gerðir samningar við allar símenntunarstöðvar á landsbyggðinni og námu framlög til þeirra samtals 51.415.887 krónum. Ráðgjafar Fjölmenntar eru faglegir tengiliðir við stöðvarnar og fylgjast með þeim tilboðum sem fötluðu fólki á viðkomandi svæði býðst og heimsækja stöðvarnar eftir þörfum. Eftir hverja önn skila stöðvarnar skýrslu um námskeið annarinnar og uppgjör framlagsins frá Fjölmennt. Í samningum sem gerðir eru við stöðvarnar er lögð mikil áhersla á að samvinna sé við þátttakendur og þjónustukerfi á viðkomandi svæði þegar ákvörðun er tekin um námskeiðstilboð. Í skýrslum stöðvanna kemur fram að það er orðið viðurkennt verklag að hafa þessi tengsl við vettvanginn.

Vegna fjárhagsstöðu Fjölmenntar hafa framlög til símenntunarstöðva ekki hækkað í 5 ár. Framboð stöðvanna á námi fyrir fatlað fólk ber þess merki. Námskeiðum hefur fækkað og minna verið um þróunarverkefni. Jafnframt því að óska eftir hækkun á framlagi hafa framkvæmdastjórar stöðvanna óskað eftir endurskoðun á skiptingu fjármagns milli stöðva. Framundan er því að ráðast í þá vinnu. Vinna þarfagreiningu og finna sanngjarna reglu í skiptingu fjármagns. Það er augljóst að starfsemin er öflugri þar sem hægt er að ráða fagmenntaðan starfsmann til að skipuleggja og halda utan um námið fyrir markhóp Fjölmenntar. Minni símenntunarstöðvar hafa ekki bolmagn til þess fyrir það framlag sem þær fá frá Fjölmennt.

### **Þróunar- og samstarfsverkefni símenntunarstöðvanna**

Á vorönn 2017 lauk kennslu á Listnámsbraut sem haldin var öðru sinni hjá Fræðsluneti Suðurlands. Auk styrks frá Fjölmennt fengust styrkir frá Þróunarsjóði fullorðinsfræðslu, Árborg, Hveragerðisbæ og Norðurál. Sex einstaklingar stunduðu nám á brautinni. Sýning var haldin í húsakynnum Fræðslunetsins á listaverkum þátttakanda og var fjallað um sýninguna og brautina í staðarblöðum. Mikil ánægja var með námið og voru þátttakendur formlega útskrifaðir með öðrum nemendum Fræðslunetsins 1. júní á Hóltel Selfossi.

Áframhaldandi samstarf er milli Símeypjar og Atvinnu með stuðningi á Akureyri. Hjá Símeyp hefur verið leitast við að semja við aðra aðila um námskeiðahald og má nefna samstarf við Íþróttafélag og reiðskóla á Akureyri.

## LOKAORÐ

Þjónustusamningur Fjölmenntar við menntamálaráðuneyti rann út í lok árs 2017. Þegar þetta er skrifað í maí 2018 hefur samningurinn ekki enn verið endurnýjaður. Stjórn Fjölmenntar hefur ítrekað óskað eftir að vinna við nýjan samning hefjist sem fyrst. Athygli vekur að í fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2020 er gert ráð fyrir lækkun á framlögum til Fjölmenntar. Árið 2018 er framlagið 259,3 milljónir en verður samkvæmt fjármálaáætlun 256,6 milljónir árið 2020. Engin skýring hefur verið gefin á þessari lækkun.

Í byrjun árs 2018 hófst vinna við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Tilgangur þeirrar vinnu er að endurskoða kerfið í heild og þar með talið nám fyrir fatlað fólk. Forstöðumaður Fjölmenntar situr í vinnuhópi sem hefur það hlutverk að skoða og móta tillögur um framhaldsfræðslu fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi. Sú vinna er á byrjunarstigi. Með breyttri hugmyndafræði og auknum réttindum samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks þarf að auka verulega námsframboð og bind ég vonir við að endurskoðun laganna hafi í för með sér aukin tækifæri fyrir markhóp Fjölmenntar. Þjóða þarf upp á samfelld nám að loknum framhaldsskóla, bæði við almennar menntastofnanir og námsbrautir hjá Fjölmennt. Skoða þarf sérstaklega námstilboð fyrir fólk með miklar og flóknar fatlanir. Fyrir þann hóp þarf að vera í boði nám sem stuðlar að auknum lífsgæðum og sem eykur möguleika til þátttöku í samfélaginu.

Í umræðu um endurskoðun framhaldsfræðslulaganna hefur verið rætt um hvort fjármögnum náms fyrir fatlað fólk eigi að vera með sama hætti og annarra hópa sem falla undir lögin. Það væri að mörgu leyti skynsamleg leið. Ábyrgð á námi fyrir markhóp Fjölmenntar væri þá sú sama og annarra hópa símenntunarstöðva um land allt. Ef af slíkum breytingum verður þarf að vanda til verka og tryggja stöðvunum nægt fjármagn og bolmagn til að ráða starfsmann með menntun og þekkingu á málaflokknum.

Þrátt fyrir óvænt útgjöld á árinu tókst að halda rekstrinum innan fjárframlaga. Það var gert með því að draga úr framboði á námskeiðum. Nú býðst fólki aðeins eitt námskeið á önn og jafnvel bara hálfá önnina. Það er verulegt áhyggjuefni að draga þurfi úr starfseminni ár eftir ár.

Fjölmennt er vel í stakk búin að taka að sér aukin verkefni og margskonar kennslu- og þróunarstörf. Mikil fagleg sérþekking er til staðar hjá starfsfólki Fjölmenntar og undanfarin ár hefur stofnuninni verið falin ýmis verkefni sem hafa verið leyst vel af hendi. Það er von mín að með nýjum þjónustusamningi og endurskoðun framhaldsfræðslulaga verði markhópi Fjölmenntar tryggð ný og fjölbreytt námstækifæri.

Reykjavík, maí 2018

Helga Gísladóttir, forstöðumaður Fjölmenntar



## Tölulegar upplýsingar vorið 2017

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námskeið	Fjöldi á öllum námskeiðum	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	9	150	33	20
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	2	40	14	11
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	7	75	29	13
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	21	402	77	70
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	6	178	59	28
Mímir-símenntun	13	288	58	57
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	10	103	39	24
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	26	473	66	42
Viska Vestmannaeyjum	1	54	15	15
Þekkingarnet Þingeyinga	4	100	29	25
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun	157	3.053	415	301
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðfötlun	10	220	42	36

266	5.136	876	642
-----	-------	-----	-----

## Tölulegar upplýsingar haustið 2017

	Fjöldi námskeiða	Kennslustundir samtals öll námsk.	Fjöldi á öllum námsk.	Hversu margir nýta sér námskeið
Austurbrú Egilsstöðum	5	87	22	11
Farskólinn- miðstöð símenntunar á Norðurl. vestra	4	48	14	10
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	5	61	28	13
Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi	17	300	50	48
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	6	154	34	28
Mímir-símenntun	8	144	54	45
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	27	266	54	28
Símenntunarstöð Eyjafjarðar	30	508	63	43
Viska Vestmannaeyjum	Engin námsk.			
Þekkingarnet Þingeyinga	2	27	11	11
Fjölmennt - nám fyrir fólk með þroskahömlun	181	2.730	455	343
Fjölmennt - nám fyrir fólk með geðfötlun	7	165	37	33
	292	4490	822	613